



HAFNARSJÓÐUR SKAGAFJARÐAR


Háeyri 2 550 Sauðárkrókur. S: 453 5169 F: 453 5248 Netf.: hofnin@skagafjordur.is Kt.: 680371-0919 Vsknr.: 79495

Sauðárkrókshöfn, nóvember 2018.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis Austurstræti 8-10 Reykjavík


Sauðárkrókshöfn er við innanverðan Skagafjörð að vestanverðu, skammt innan við ós Gönguskarðsár. Gönguskarðsá kemur ofan úr svokölluðum Gönguskörðum og er framburður árinna sá efniviður sem eyrin er og höfnin er byggð á. Hefur eyrin þannig orðið til af náttúrunnar völdum, og einnig með því að leggja fram grjótgarða til norðausturs út frá eyrinni sem framburðurinn hefur síðan lagst að. Hefur eyrin margfaldast að flatarmáli á liðnum áratugum með þessum hætti.

Sauðárkrókshöfn er meðalstór fiski- og flutningahöfn með alla algenga hafnarþjónustu og hafa umsvif hafnarinnar verið að aukast mikið á undanförunum árum. Eins og sjá má á mynd 1 eykst landaður afli hjá Skagafjarðarhöfnum ár frá ári og má áætla að landaður afli árið 2018 fari upp í 25.000 tonn. Er þetta aukning frá árinu 2014 um 12.000 tonn. Þannig að fiskiskipakomum hefur fjölgað gríðarlega undanfarnin ár og hefur verið vandræði með legupláss fyrir fiskiskipin sérstaklega á haustin.




Mynd 1

Farmskipakomur hafa einnig aukist mikið á undanförunum árum og skipin eru alltaf að stækka til að auka hagræðingu hjá skipafélögum. Eins og mynd 2 sýnir var mikið af farmskipakomum til Sauðárkrókshafnar áður en strandsiglingar voru lagðar af 2004. Árið 2012 byrjuðu strandsiglingar aftur og verða árið 2018 80 farmskipakomur til Sauðárkrókshafnar. Áætla má að árið 2019 fari skipakomurnar upp í 100 þar sem Samskip hefur hafið vikulegar áætlunarsiglingar á Krókinn og Eimskip er með siglingar hálfsmánaðarlega. Heyrst hefur að Eimskip sé að hugsa um að hefja vikulegar siglingar á Krókinn. Einnig er von á Skemmtiferðaskipum á Krókinn og hefur fyrsta skipið boðað komu sína 06.07.2020.



Mynd 2

Útflutningur á þessu ári er komin upp í 49.037 tonn miðað við byrjun nóv 2018. Þannig ljóst er að Skagafjarðarhafnir fara yfir 50.000 tonn í inn- og útflutning á núverandi ári.



Mynd 3

Að ofantöldu máli er ljóst að umferðin um Sauðárkrókshöfn er að aukast mikið og með stækkandi skipum er brýnt að hafa viðeigandi öryggis- og hjálpartæki fyrir skipin. Mikilvægi vöruflutninga um höfnina fyrir fyrirtækin á svæðinu er mikill og er Sauðárkrókshöfn lífæð Skagafjarðar. Fjórir smábaatar hafa strandað nálægt Sauðárkróki á seinustu 2 árum. Sem betur fer varð ekki manntjón en gott hefði verið að vera með bát kláran við höfnina í samstarfi við björgunarsveitina til þess að fara af stað og stytta viðbragðstíma. Einnig fékk Málmey slökkvitæki í skrúfunu og strandaði innan hafnar sumarið 2017, enginn bátur var til staðar. Í nánast öllum tilvikum spyrja skipstjórnir á flutningaskipunum eftir dráttarbát og ekki mátti miklu muna að yrði stórslys þegar Blikur var að fara frá bryggju í okt 2018, eins og sjá má í meðfylgjandi myndbandi. Einnig má nefna að það sem af er ári 2018 hafa flutningaskip þurft að bíða 6 sinnum fyrir utan á akkeri því að höfnin annar ekki nema einu flutningaskipi í einu með góðu móti og skip hafa þurft að breyta áætlunum sínum vegna þess að ekki var legupláss. Möguleikarnir á stækkun hafnarinnar eru miklir og mikilvægir fyrir samfélagið í Skagafirði. Því telur undirritaður mjög brýnt að eignast góðan dráttarbát til að þjónusta skipin og hefjast handa við stækkun á Sauðárkrókshöfn.

F.h. Skagafjarðarhafna,

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri Svf. Skagafjarðar

Dagur Þór Baldvinsson,
yfirhafnarvörður



Mynd 4